

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundur hefst kl. 8:30

Dagskrá:

## 1. Íslensku myndlistarverðlaunin 2021

Formaður myndlistarráðs er situr í dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna greinir frá dómnefndarstörfum og að lokaval muni liggja fyrir á næstu dögum ásamt greinargerðum og rökstuðning á vali.

Rætt var um afhendingu íslensku myndlistarverðlaunanna og viðurkenningar myndlistarráðs sem ættu að fara fram þann 25. febrúar en vegna sóttvarnarráðstafanna þarf að fara aðrar leiðir.

Tekin var ákvörðun um að vera ekki með hefðbundna afhendingu vegna fjöldatakmarkanna eins og áður. Þá var sú hugmynd rædd að fara fremur og heimsækja verðlaunahafa, þann sem fær viðurkenningu fyrir útgefið efni, heiðurslistamann og alla tilnefndu og færa þeim blóm og viðurkenningar á vinnustofum þeirra. Ljósmyndari yrði með í för svo hægt væri að nota efnið í kynningarmál. Allir voru sammála um að þetta gæti verið góð leið til að takast á við þær takmarkanir sem eru í gildi í dag. Við vonumst til að vinna þetta í samstarfi við fjölmiðla og að ráðherra afhendi verðlaunin og viðurkenningu til heiðurslistamans.

RÚV verður áfram með innsög um alla tilnefnda eins og áður en þar að auki yrði stuttur þáttur um heiðurslistamann ársins auk fréttapluttings frá afhendingu.

## 2. Drög að myndlistarstefnu kynnt

Vinna vinnuhópsins við myndlistarstefnu er komin á lokametrana og Hlynur Helgason sem situr í vinnuhópnum kynnti helstu áherslur stefnunar. Þá greindi hann frá fjórum heildarmarkmiðum og aðgerðum sem þeim fylgja. Áherslur stefnunar eru fólgin í þróun og uppbyggingu á öflugra stuðningskerfi fyrir atvinnugreinina myndlist þar sem lykilstofnanir, sjóðskerfi, rannsóknir, fræðsla og menntamál er varða myndlist eru í forgrunni. Gert er ráð fyrir að stefnuvinnu verði skilað til ráðherra þann 31. janúar nk.

### 3. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áætlaður 22. febrúar kl. 8:30 í sal SÍM

Fundi slitið kl. 9:55